PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR
GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Mikilvægt að börn læri á eigin forsendum

Grunnskólinn á Þingeyri hefur vakið athygli undanfarin misseri vegna margra áhugaverðra verkefna sem þar eru í gangi. Skólastjórinn, Stefanía Ásmundsdóttir, segir starfsfólk skólans duglegt við að tala upp skólann og draga athygli að því sem vel er gert. Stefanía sem nýlega var ráðin skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 8 og 9.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 16. apríl 2015 · 15. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak

Lífið við höfnina!

VARAHLUTIR OG ANNAÐ SEM ÞARF FYRIR BÍLINN
SMIÐJAN
VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

– NÝTT Á SUBWAY –
Elskaðu spínat
– GRÆNA BYLTINGIN –
Nú getur þú sett spínat á bátinn þinn - frítt
Spínat er á boðstólum í takmarkaðan tíma
SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS
eBOX
auðveldar smásendingar
Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR
eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.
Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is
EIMSKIP
eBOX

Aðgerðirnar munu hafa mjög sértæk áhrif um land allt

„Aðgerðirnar munu hafa mjög sértæk áhrif um land allt, einnig á Vestfjörðum. Þannig er að í öllum grunnstoðum í vestfirsku atvinnulífi starfa félagsmenn í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga sem munu taka þátt í aðgerðum, komi til verkfalla," segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður VerkVest aðspurður hvernig Vestfirðingar yrðu varir við boðaðar vinnustöðvanir. „Allt sem tengist fiskvinnslu, fiskeldi og vinnslu sjávarafurða mun stöðvast. Flutningar um landveg til og frá svæðinu, afgreiðsla skipa, ferðaþjónusta, gisti- og veitingastaðir, bensínstöðvar og önnur þjónustustörf á almennum vinnumarkaði munu lamast."

Hjá VerkVest hafa ekki verið boðaðar aðgerðir hjá verslunar- og skrifstofufólki eða faglærðum iðnaðarmönnum. „Þar erum við í samfloti með stóru samböndum verslunarmanna annarsvegar og iðnaðarmanna hins vegar. Þau sambönd eru ennþá í viðræðum við SA en lítið sem ekkert hefur þokast og er farið að gæta nokkurrar óþreyju hjá félagsmönnum okkar í þessum greinum. Sömu sögu er að heyra á öðrum svæðum. Má gera ráð fyrir að þessi sambönd muni boða til aðgerða mjög fljótlega ef ekki fer að hreyfast í jákvæða átt í þeirra málum."

Samningaviðræður hafa staðið meira og minna frá því um miðjan október og verið mjög erfiðar. „Viðræðurnar hafa því miður ekki verið lausnamiðaðar af hálfu atvinnurekenda. Við höfum fengið nei við öllum okkar hugmyndum er varða hækkun lægstu launa. Krónutöluhækkun á lægstu laun er algjörlega hafnað án þess að hugmyndir hafi komið fram af hálfu atvinnurekenda um hvernig leysa eigi stöðu láglaunahópanna. Megin línurnar hafa verið lagðar hjá nær öllum aðildarfélögum ASÍ, þar er krafan um hækkun taxtalauna fyrir dagvinnu sett á oddinn. Megin línur félaganna ganga út á að leiðrétta dagvinnutaxta um ca 100 þúsund í 2-3 ára samningi, sem gera ca 33 þúsund króna taxtahækkun á dagvinnu á ári, mjög gróft reiknað.

Í mínum huga halda Samtök atvinnulífsins á lyklinum til að höggva á þennan erfiða hnút. Ég segi það einfaldlega af þeirri ástæðu að ef þeir ganga fram og semja við aðildarfélög SGS og taka þátt í vegferðinni með SGS félögunum að hækka lægstu laun í 300.000 innan þriggja ára, gætu SA með þeim hætti lagt línu fyrir allan vinnumarkaðinn um ákveðnar grunnhækkanir fyrir aðra samninga. Skiptir þá engu hvort viðkomandi væri með 250.000 í mánaðarlaun eða 500.000. Allir fengju sömu krónutölu. Í framhaldinu væri síðan hægt að skoða hugmyndir og útfærslu á breytingum á dagvinnu umhverfinu sem SA hefur verið að tala fyrir. Slíkar hugmyndir þarfnast mikils undirbúnings, kynningar og umræðu áður en hægt verður að máta inn í íslenskst vinnuumhverfi. Til þess þurfa allir aðilar tíma, þann tíma væri t.d. hægt að kaupa með því að semja til lengri tíma, t.d. þriggja ára eins og SGS hefur lagt til, með það að leiðarljósi að hækka dagvinnugrunninn á sama tíma og undirbúningur fyrir breytingum á dagvinnuumhverfinu væri til skoðunar. Þannig væri líka hægt að leggja grunn að kaupmáttaraukandi kjarasamningum sem væru síður en svo verðbólguhvetjandi ef rétt verður haldið á spilunum."

„Ef við horfum síðan til aðkomu stjórnvalda inn í kjaraviðræðurnar, þá hafa ekki komið nein jákvæð teikn um að takturinn sé að breytast á þeim bænum. Þannig er að lítið traust hefur verið í samskiptum aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnir alveg frá hruni. Nýr taktur hefur verið sleginn hjá stjórnvöldum og regla nr. eitt virðist vera „það er í lagi að svíkja þau samkomulög sem gerð hafa verið við aðila vinnumarkaðarins." Ráðist hefur

Finnbogi Sveinbjörnsson.

verið á mikilvæg atriði sem áður hefur verið samið um í kjarasamningum. Birtingarmyndin er t.d. niðurskurður á framlögum til velferðarkerfis stéttarfélaganna, fæðingarorlof hefur verið skert, bótatímabil atvinnuleitenda stytt fyrirvarlaust, framlag til jöfnunar örorkulífeyris skorið niður svo helstu atriði séu nefnd.

Þegar slík staða kemur upp í samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda er lítil von um traust í samskiptum. Ríkisstjórnin þarf að koma að lausn deilunnar með hækkun á skattleysismörkum og persónuafslætti til þeirra lægst launuðu. Því miður virðast engar slíkar hugmyndir vera á teikniborði stjórnarflokkanna. Eitthvað er talað um hugmyndir um nýtt húsnæðiskerfi, en ef horft er til orða félagsmálaráðherra frá þingi ASÍ í haust þá áttu stéttarfélögin og lífeyrissjóðirnir að borga það kerfi sjálf. Í því felst engin lausn í okkar huga."

– Er mikil samstaða meðal þíns fólks varðandi boðaðar aðgerðir?

„Fyrir launafólk er það algjör neyðarlausn að hefja undirbúning aðgerða. Eftir að SA kærði boðað verkfall hjá tæknimönnum á Rúv urðum við að endurskoða okkar aðferðarfræði. Aðildarfélög SGS eru því að hefja nýja kosningu um heimild til verkfallsboðunar sem verður rafræn eins og sú fyrri og verður niðurstaða tilkynnt 21. apríl. Við höfum fundið fyrir vaxandi þunga hjá okkar fólki og stuðningur við boðaðar aðgerðir hefur einnig farið vaxandi um allt land. Við vorum komin með mjög góða þátttöku í fyrri atkvæðagreiðslunni og finnum að okkar félagsmenn virðast vera enn ákveðnari nú eftir að SA ákvað að nota lagaflækjur til að tefja frekar en að setjast niður og nota tímann til að vinna að lausn á deilunni.

Okkar félagsmenn hafa gefið mjög sterk skilaboð um að 7-9 þúsund króna launahækkun dugi ekki. Slík niðurstaða þýðir að lægsti taxti mun hækka úr 201 þúsund í 208 -10 þúsund. Ef verkfallsboðun verður felld í kosningunni þá er ekkert annað í boði en þessi hækkun. Ég skynja ekki á samtölum við okkar fólk að því finnst slíkt tilboð vera annað en dónatilboð. Samninganefnd VerkVest hefur verið að undirbúa aðgerðir í samráði við trúnaðarfólk okkar, við erum með góðan verkfallssjóð sem er það traustur að við þolum vel 5-6 vikna verkfall. Fjárhagur félagsins stendur einnig vel og á til góða varasjóði ef því er að skipta og átökin dragast á langinn.

Nú eru mörg aðildarfélög BHM einnig komin fram með kröfur sem ríkið hefur hafnað að ræða og eru því komin í verkfallsátök og í það sama stefnir hjá 16 aðildarfélögum SGS verði ekki samið fyrir 30. apríl. Þannig má gera ráð fyrir að ef allt fer á versta veg verði í lok maí og byrjun júní um 150.000 launþegar þátttakendur í verkfallsátökum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir allt samfélagið. Slík staða er algjörlega á ábyrgð viðsemjenda okkar sem beita þófi og lagaflækjum frekar en ræða mögulegar lausnir."

GILDI
lífeyrissjóður

Sjóðfélagafundur
á Ísafirði

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Hótel Ísafirði föstudaginn 17. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2014 kynntur
2. Samruni Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga
   - gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri og breytingum á áunnum réttindum sjóðfélaga
3. Staða og starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.
Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður ▪ Guðrúnartún 1 ▪ 105 Reykjavík ▪ Hafnarstræti 9 ▪ 400 Ísafjörður ▪ Sími 515 4700 ▪ www.gildi.is ▪ gildi@gildi.is

Kjötsel - kryddað
LAMBALÆRI
~~1.998~~/20%/
1.598
kr/kg

20% afsláttur

TILBOÐ VIKUNNAR
16. - 29. apríl

FERSKT ÚRKJÖTBORÐI

LAMBA RIBEYE
~~4.199~~/33%/
2.998
kr/kg

SVÍNA KÓTELETTUR
~~1.998~~/40%/
1.199
kr/kg

120 G - NAUTA HAMBORGARAR
~~227~~/14%/
195
kr/stk

KJÖT BORÐ

30% afsláttur

ísfugl mexikó
KJÚKLINGA LEGGIR
~~990~~/30%/
699
kr/kg

50% afsláttur

skinku
CROISSANT
bakað á staðnum
~~298~~/50%/
149
kr/stk

33% afsláttur

40% afsláttur

FERSKT ÚRKJÖTBORÐI

KIWI
~~449~~/50%/
225
kr/kg

50% afsláttur

36% afsláttur

Tilboðsís

Tilboðsís súkkulaði

36% afsláttur

ódýrt
SÚKKULAÐI- EÐA VANILLUÍS
~~404~~/36%/
259
kr/pk

Hawai mozzarella speciale
PIZZA
~~569~~/-71kr/
498
kr/stk

Dr.Oetker Ristorante PIZZA MOZZARELLA
Dr.Oetker Ristorante EDIZIONE SPECIALE
Dr.Oetker Ristorante PIZZA SPECIALE

Samkaup úrval

www.Samkaupurval.is
Verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavixl.

markhönnun ehf

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Sviptivindar

Þótt margir eigi erfitt með að sætta sig við óstöðugleika veðráttunnar sem býsna oft hefur samdægurs spannað mörg afbrigði tíðarfars, er rótleysið í samfélaginu langtum meira áhyggjuefni. Slæmt dæmi þar um er uppákoman á Patreksfirði, sem nú verður vart annað séð en að efnt hafi verið til af tilefnislitlu? Fagnaðarefni er að málið skuli hafa fengið farsælan endi, vonandi varanlegan. Það skal hins vegar yfir allan vafa hafið að BB stendur í einu og öllu við skrifin um málið fyrir viku síðan.

Það blæs úr ýmsum áttum. Nú liggur ljóst fyrir að Fiskistofa verður ekki flutt til Akureyrar á árinu. Það er sagt vera ekki síst vegna þess að stjórnvöld vilji koma til móts við starfsfólkið og tryggja að uppsafnaður mannauður innan stofnunarinnar fjúki ekki út í buskann. Ljóst er þó að lagalegar heimildir til gjörningsins þykja ekki nógu traustar og því verði beðið eftir samþykkt frumvarps um aukin völd ráðherra til að skáka stofnun, með manni og mús, til og frá að eigin geðþótta. Ráðherranna skal valdið vera í stað þess að leggja niður „lávarðadeildina“ og greina þar með að fullu á milli framkvæmdavalds og löggjafa, sem ótvírætt væri til aukins lýðræðis. Hafa menn eitthvað með Alþingi að gera, að ótakmörkuðu ráðherraveldi fengnu?

Fiskistofuklúðrið á Ísafirði er skólabókardæmi um hvernig ekki á að standa að flutningi verkefna á landsbyggðina eða, ef menn vilja orða það svo, uppbyggingu útibúa frá höfuðstöðum hinna ýmsu ríkisstofnana í Reykjavík. Fyrir tveimur árum blésu stjórnvöld til sóknar og ákváðu að byggja upp fiskeldisstöð hér vestra. Sú fyrirætlan varð skammlíf. Hálfu ári síðar var skellt í lás á Ísafirði. Ákveðið var að troða væntanlegum fagsviðstjóra fiskeldisins á Vestfjörðum niður á Selfossi. Hvernig það má vera að hann sé betur staðsettur þar en í þeim landshluta þar sem eldisstöðvarnar eru, er með öllu óskiljanlegt. Í febrúar síðastliðnum var þó staða veiðieftirlitsmanns í starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði auglýst laus til umsóknar. Í auglýsingunni var áréttað mat Fiskistofu á eigin ágæti: „Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing.“ Með vísan til þessa og einróma samþykktar Alþingis sem og margítrekaðra yfirlýsinga sjávarútvegsráðherra, krafðist BB þess staðið verði að fullu við yfirlýsingu um fiskeldisstöð á Vestfjörðum; að staða fagsviðstjóra verði svæðisbundin fiskeldinu vestra og að unnið verði að eflingu stöðvarinnar með fjölgun verkefna.

Aftur að veiðiefirlitsmanninum. Er eitthvað að frétta í kjölfar auglýsingarinnar? Er búið að ráða í starfið? Hafa bæjaryfirvöld einhverjar upplýsingar í þá veru?

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú fengið flensuna í vetur?

Alls svöruðu 419.
Já sögðu 202 eða 48%
Nei sögðu 217 eða 52%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fossavatnsgangan var gengin í blíðskaparveðri í fyrra. Ljósm: Benedikt Hermannsson.

Hefur trú á tvöföldun keppenda

Metþátttaka verður í Fossavatnsgöngunni sem gengin verður laugardaginn 2. maí. Skráðir keppendur eru í dag 510 og trúir Kristbjörn R. Sigurjónsson, einn forsvarsmanna göngunnar, að keppendur fari í 650. „Íslendingarnir eru alltaf seinir til að skrá sig og heimamennirnir bíða oft eftir veðurspá. Ég veit um það marga sem eru ekki búnir að skrá sig að ég gæti trúað við endum í 650 keppendum. Það yrði tvöföldun frá því fyrra“ segir Kristbjörn.

Hann segir skipulagningu göngunnar ekki breytast mikið við svo mikla fjölgun. „Það þarf að fjölga á drykkjarstöðvunum en í grunninn er þetta sama vinnan. Við ætlum reyndar ekki að leyfa bílaumferð upp á dal og verðum því með rútuferðir. Við gerum þetta til að koma í veg fyrir öngþveiti á bílastæðunum á skíðasvæðinu.“

Hann er bjartsýnn á snjóalög og segir mikinn snjó á dalnum. „Milli Búrfells og Miðfells er rosalegur snjór, ég man ekki eftir svona snjó í mörg ár,“ segir Kristbjörn. Enn eru að berast fyrirspurnir frá erlendu gönguskíðafólki um gistingu á Ísafirði og nágrenni. Kristbjörn segir að allt sé uppbókað á Ísafirði og Suðureyri en enn er laust á öðrum stöðum í nágrenni Ísafjarðar.

– smari@bb.is

Horfa á norðurljósin og dorga í gegnum ís

Mikil norðurljósavirkni hefur verið yfir Íslandi í vetur og hafa þeir ferðaþjónustuaðilar sem gera út á norðurljósaferðir, ekki farið varhluta af því. Ferðaþjónustan í Heydal í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi hefur boðið upp á slíkar ferðir undanfarin ár. Að sögn Stellu Guðmundsdóttur í Heydal hafa 23 slíkar ferðir verið á þeirra vegum í vetur.

„Hér er um að ræða fjögurra daga ferðir og hafa allir hóparnir utan tveggja séð norðurljósin. Í ferðunum eru allt frá tveimur einstaklingum upp í 6-7 manns og allt útlendingar. Þeir hafa verið himinlifandi með ferðirnar enda gerum við meira en að sjá norðurljósin. Við förum í göngutúra um svæðið á snjóþrúgum, dorgum í gegnum ís, auk þess sem við höfum farið út á Ísafjörð, í Ósvör og jafnvel í Önundarfjörð,“ segir Stella.

Stella er mjög bjartsýn á sumarið enda er 70% af gistiplássi sumarsins þegar bókað. Þá er einnig byrjað að bóka í september og pöntun fyrir einni norðurljósaferð komin fyrir næsta vetur.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Aukin framleiðsla á laxi í Arnarfirði um 7.000 tonn á ári

Arnarlax ehf hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um aukna framleiðslu á laxi í Arnarfirði um 7.000 tonn á ári .

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 14. apríl til 26. maí 2015 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar, Bókasafni Bílddælinga, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Verkís hf: www. verkis.is.

Athugasemdafrestur: Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. maí 2015 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Kynningarfundur: Vakin er athygli á að Arnarlax mun standa fyrir kynningu á framkvæmdinni á opnum fundi þann 27. apríl 2015 kl. 15:00 á Bíldudal og eru allir velkomnir.

Vilborg hlaut Landstólpann 2015

Vilborg Arnarsdóttir frá Súðavík hlaut Landstólpann 2015.

Vilborg Arnarsdóttir frá Súðavík hlaut Landstólpann, samfélagsviðurkenningu Byggðastofnunar, á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn var í Vestmannaeyjum á föstudag. Viðurkenningin var veitt Vilborgu vegna þess mikla starfs sem hún hefur lagt í gerð Raggagarðs, fjölskyldugarðs í Súðavík. Landstólpanum er ætlað að vekja athygli á því góða og fjölbreytta starfi sem fer fram víða um land og jafnframt vekja jákvæða athygli á starfi Byggðastofnunar. Tilnefna má einstakling, fyrirtæki, eða verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga. Viðkomandi skal hafa vakið jákvæða athygli með t.d. tilteknu verkefni eða starfsemi, umfjöllun eða öðru og þannig aukið veg viðkomandi samfélags. Viðurkenningin er hvatning, ætlað að efla skapandi hugsun og bjartsýni.

Landstólpinn var fyrst afhentur árið 2011 og hlaut Jón Jónsson þjóðfræðingur og menningarfrömuður á Ströndum hann það ár. Árið 2012 var viðurkenningin veitt Örlygi Kristfinnssyni frumkvöðli í menningarferðaþjónustu og safnastarfi á Siglufirði. Þórður Tómasson safnvörður og fræðimaður á Skógum undir Eyjafjöllum hlaut Landstólpann árið 2013 og árið 2014 fyrirtækið Norðursigling á Húsavík. Viðurkenningin er listmunur og að þessu sinni er Þórhildur Kristjánsdóttir glerlistakona frá Þóa Art í Reykjavík höfundur verksins. Alls voru ellefu aðilar tilnefndir og varð niðurstaða dómnefndar sú að veita Vilborgu Arnarsdóttur frá Súðavík Landstólpann 2015.

Gerð Raggagarðs, Fjölskyldugarðs Vestfjarða í Súðavík, hófst árið 2003. Garðurinn og hönnun hans er hugmynd Vilborgar. Henni tókst að fá fólk, félög og fyrirtæki í lið með sér. Öll vinna við garðinn er unnin í sjálfboðavinnu af íbúum Súðavíkur og jafnvel sumargestum, á „vinnudögum Raggagarðs“ sem Vilborg skipuleggur. Einnig hafa félög og fyrirtæki lagt hönd á plóg ásamt sjálfboðaliðum víða að. Vilborgu hefur tekist að afla styrkja til garðsins víða af landinu og jafnvel utanlands. Hróður garðsins hefur borist víða, hann er mikið notaður af fjölskyldufólki og fær heimsóknir frá leikskólum og skólum nágrannabyggðarlaganna. Í sumar verður garðurinn 10 ára og ver Vilborg öllum frístundum í að skipuleggja afmælishátíðina.

Markmiðið með gerð Raggagarðs er m.a. að og efla útiveru og hreyfingu og um leið stuðla að ánægjulegri samveru foreldra og barna og útiveru barna. Að halda áfram uppbyggingu Súðavíkur sem ferðamannabæjar og efla afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu. Leiktækin eru ætluð fyrir alla aldurshópa. Það kostar ekkert að dvelja í garðinum annað en að skrifa nafn sitt í gestabók. Síðustu sumur hafa 3000 til 5000 gestir sótt garðinn heim. Fjallað hefur verið um hann í blöðum og sjónvarpi. Súðvíkingar hafa að mestu séð um vinnu við garðinn, en fyrirtæki, félög hópar, sjóðir, einstaklingar hafa styrkt hann, alls 122 styrktaraðilar. Garðurinn er sjálfseignastofnun og stjórn hans er skipuð heimamönnum.

ÍSAFJARÐARBÆR

Laus störf hjá Ísafjarðarbæ

Skóla- og tómstundasvið
· Talmeinafræðingur/talkennari
Grunnskólinn á Þingeyri
· Skólastjóri
Grunnskólinn á Suðureyri
· Skólastjóri
Grunnskólinn á Ísafirði
· Sérkennari 100% staða
· Þroskaþjálfi 100% staða
· Umsjónarkennari 80-100% staða
· Raungreinakennari með umsjón 80-100% staða
· Kennari í tæknimennt 100% staða
· Kennari í myndmennt 100% staða
· Danskennari 50-70% staða
Leikskólinn Laufás Þingeyri
· Leikskólastjóri, afleysing til eins árs
· Leikskólakennarar
· Starfsmaður leikskóla sem sinnir jafnframt ræstingum 75% staða
Leikskólinn Grænigarður Flateyri
· Deildarstjóri
· Leikskólakennarar
Leikskólinn Sólborg Ísafirði
· Deildarstjóri
· Leikskólakennarar
· Aðstoðarmatráður
Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri
· Leikskólakennarar
Umhverfis- og eignasvið
· Verkstæðismaður í Áhaldahúsi
Fjölskyldusvið
· Félagsleg heimaþjónusta á Þingeyri 35% starfshlutfall
Sumarstörf
· Garðyrkjudeild
· Áhaldahús
· Búsetur

Nánari upplýsingar má finna á www.isafjordur.is

Stefna að því að setja út fyrstu silungsseiðin í júní

Hraðfrystihúsið Gunnvör áformar að hefja eldi regnbogasilungs í sjókvíum í Álftafirði í júní, þegar starfs- og rekstrarleyfi hafa fengist. Skipulagsstofnun hefur birt álit sitt um mat á umhverfisáhrifum framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs eldis HG í innanverðu Ísafjarðardjúpi felist í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús berist frá eldinu í villta laxastofna á svæðinu og regnbogasilungur sem sleppi úr eldi í miklum mæli kunni að hafa neikvæð áhrif á orðspor viðkomandi áa ef hann veiðist þar í umtalsverðu magni.

Stofnunin telur að þó að ekki verði fullyrt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúrulega stofna laxfiska í Ísafjarðardjúpi. Þá renni niðurstöður norskra rannsókna stoðum undir það sjónarmið að fiskeldi HG auki hættu á laxalúsasmiti með tilheyrandi hættu á afföllum hjá náttúrulegum stofnum. Ekki er vitað til að regnbogasilungur hafi náð að fjölga sér í ám á Íslandi. Í eldinu verða eingöngu notaðar hrygnur og því ekki talin hætta á því að eldisfiskur geti af sér afkvæmi.

Að mati Skipulagsstofnunar geta áhrif strokufisks orðið óveruleg til nokkuð neikvæð á náttúrulega stofna. Áhrifin yrðu þó tímabundin og afturkræf. Skipulagsstofnun tekur undir hugmyndir um að innleiddur verði norskur staðall um eftirlit með eldisbúnaði.

Fagna niðurstöðu Skipulagsstofnunar

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi og segist fylgjast náið með framvindu málsins. Sveitarstjórn tekur undir með Skipulagsstofnun að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir varðandi mögulega sjúkdóma og laxalús sem getur borist í villta stofna. Þá ber sveitarstjórn miklar væntingar til þeirrar atvinnuuppbyggingar sem væntanleg sjóeldi mun hafa í för með sér og mun kappkosta að veita þann stuðning sem sveitarfélagið getur veitt. Bókun þessa efnis var samþykkt á fundi sveitarstjórnar í síðustu viku. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir ennfremur á að væntanleg eldisframleiðsla verður að megninu til í fjörðum sveitarfélagsins og sveitarstjórn væntir því mikils af framleiðslunni.

„Það er mikið fagnaðarefni fyrir okkur að þetta verkefni sé á góðri siglingu. Matsskýrslan kom afar vel út og núna hefur Skipulagsstofnun lagt blessun sína yfir skýrsluna, með sjálfsögðum og eðlilegum fyrirvörum og skilyrðum. Það er mikið kappsmál fyrir Vestfirði að fá inn á svæðið svona kröftuga atvinnu uppbyggingu og sérlega gleðilegt að Súðavíkurhreppur sé að mörgu leiti í miðri atburðarásinni. Það sýnir okkur hvað hreppurinn er enn öflugur og við horfum bjartsýn fram á við. Við höfum átt gott samstarf við HG, ég treysti fyllilega að fyrirtækið muni standa að þessari framleiðslu af þeirri aðgát og metnaði sem til er ætlast í því einstaka umhverfi sem eigum saman hér fyrir vestan,“ segir Pétur G. Markan, sveitarstjóri.

„Fyrir liggur að við Vestfirðingar þurfum að efla atvinnulíf svæðisins, auka verðmæta sköpun, og skapa meiri fjölbreytileika í atvinnulífinu til að verja okkur fyrir áföllum sem einsleit atvinnulíf þarf oft að þola. Við þurfum fyrst og fremst að stýra sjálf umræðunni um framtíð Vestfjarða og hvernig við hyggjumst skapa okkur hér grundvöll til framtíðar en ekki láta segja okkur sýknt og heilagt hvernig aðrir vilja sjá uppbygginguna, í fríinu sínu. Við eigum alla möguleika á að byggja hér upp atvinnulíf í jafnvægi, sem sækir fram í ferðamennsku, sjósæknum iðnaði sem og öðrum iðnaði.“

Aukin hætta á laxalússmiti

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi samkvæmt lögum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðs fiskeldis Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. (HG) í innanverðu Ísafjarðardjúpi felist í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús berist frá eldinu í villta laxfiskastofna á svæðinu og að regnbogasilungur sem sleppi úr eldi í miklum mæli kunni að hafa neikvæð áhrif á orðspor viðkomandi áa ef hann veiðist þar í umtalsverðu magni.

Skipulagsstofnun telur að þó ekki verði fullyrt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg neikvæð áhrif á náttúrulega stofna laxfiska í Ísafjarðardjúpi þá renni niðurstöður norskra rannsókna stoðum undir það sjónarmið að fiskeldi HG auki hættu á laxalússmiti í innanverðu Ísafjarðardjúpi, með tilheyrandi hættu á afföllum hjá náttúrulegum stofnum laxfiska.

Fyrir liggur að ekki er vitað til að regnbogasilungur hafi náð að fjölga sér í ám á Íslandi og í eldinu verða eingöngu notaðar hrygnur. Því er ekki talin hætta á því að eldisfiskur geti af sér afkvæmi. Skipulagsstofnun telur að hætta vegna slysasleppinga felist helst í því að regnbogasilungur nái að ganga upp í ár og mögulega smita villta laxfiskastofna með sýklum og sníkjudýrum. Veiðimálastofnun bendir á að þrátt fyrir að dregið hafi úr slysasleppingum í norsku fiskeldi sé strok úr eldi enn mikið vandamál og rannsóknir bendi til að fjórum til fimm sinnum fleiri laxar strjúki úr eldi þar en tilkynnt sé. Fyrir liggur að lax slapp nýverið úr eldi í Patreksfirði. Skipulagsstofnun telur að þó slysasleppingar eldislax af norsku kyni feli í sér umtalsvert meiri hættu fyrir villtan lax en ef um væri að ræða regnbogasilung, sýni reynslan að hættan er vissulega til staðar. Að mati stofnunarinnar geta áhrif strokufisks úr eldi HG orðið óveruleg til nokkuð neikvæð á náttúrulega stofna laxfiska í ám við innanvert Ísafjarðardjúp, sem felst fyrst og fremst í hættu vegna smitsjúkdóma og ræðst af umfangi slysasleppinga. Áhrifin yrðu þó tímabundin og afturkræf.

Skipulagsstofnun tekur undir með HG og leggur áherslu á að mikilvægt er að staðallinn NS 9415:2009 eða sambærilegar kröfur verði innleiddar hér á landi sem setji m.a. umgjörð um hvernig standa skal að opinberu eftirlit með eldisbúnaði. Skipulagsstofnun tekur jafnframt undir tillögu HG og Hafrannsóknastofnunar um að Umhverfisstofnun útbúi flokkunarkerfi um álag af völdum mengunar á sjávarbotni undir sjókvíum og tilsvarandi viðbrögð miðað við niðurstöður vöktunar. Skipulagsstofnun bendir á að nefnd um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi hefur nýlega lagt til að innleiddar verði kröfur varðandi eldisbúnað sem séu í samræmi við áðurnefndan staðal og einnig verði innleiddur alþjóðlegur staðall vegna eftirlits á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotn undir og við eldiskvíar.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði: Eldisbúnaður uppfylli kröfur sem settar eru í staðlinum NS 9415:2009. Vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotn undir og við eldiskvíar byggi á staðlinum ISO 12878. Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, . Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Hraðfrystihússins Gunnvarar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

DREIFNÁM

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Félagsliða
- Félags- og tómstundaliða
- Leikskólaliða
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Viðbótarnám félagsliða
- Viðbótarnám leikskólaliða

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Upplýsingar um námið veitir Þórkatla Þórisdóttir í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is

Heimasíða skóla: www.bhs.is

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Nám á netinu

Mikilvægt að börn læri á eigin forsendum

Grunnskólinn á Þingeyri hefur vakið athygli undanfarin misseri vegna margra áhugaverðra verkefna sem þar eru í gangi. Þær leiðir sem Grunnskólinn á Þingeyri hefur meðal annars fetað eru spjaldtölvur í skólastarfi, opinn skóli, áformsvinna og samkennsla í opnum rýmum. Skólastjórinn, Stefanía Ásmundsdóttir, segir starfsfólk skólans duglegt við að tala upp skólann og draga athygli að því sem vel er gert. Þá sé margt spennandi að gerast í kennsluaðferðum og skólaþróun og því spennandi tímar framundan í þessum stofnunum.

Bæjarins besta spjallaði við Stefaníu um starfið og hvernig það kom til að grindvískur körfuboltaleikari settist að við sunnanverðan Dýrafjörð til að stýra rúmlega 30 barna skóla. Þess má geta að frá því viðtalið var tekið hefur Stefanía verið ráðin skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík.

–Hvað er það sem veitir Grunnskóla Þingeyrar tækifæri til að leiða ýmis verkefni sem stærri skólar takast ekki á við fyrr en seinna?

„Skólinn er fámennur sem veitir okkur ýmis tækifæri. Fámennið getur bæði verið ókostur og sérstaða en við kjósum að líta á það sem sérstöðu. Við höfum tækifæri til þess að bjóða bæði nemendum og starfsfólki upp á mun meiri sveigjanleika en í fjölmennari byggðakjarna. Við eigum auðveldara með að prófa okkur áfram og erum líka ófeimin við það. Enda er starfsfólkið mitt afar hæfileikaríkt sem að sjálfsögðu hjálpar til við að ná fram breytingum og þróun í skólanum. Auðvitað rekumst við oft á veggi og þurfum að taka á ýmsu en við erum með jákvæðnina og gleðina að vopni sem gerir þetta allt miklið skemmtilegra og auðveldara. Við erum líka saman í liði og leysum saman þau vandamál sem koma upp hverju sinni. Mestu skiptir okkur að börnunum líði vel í skólanum og höfum við það alltaf að leiðarljósi.“

Skólinn hefur verið rómaður fyrir opin og björt rými en farið var í framkvæmdir fyrir nokkrum árum til að svo mætti vera.

„Forveri minn leiddi þróunarverkefnið *Vindum upp segl* þar sem farið var í að brjóta niður veggi milli námsrýma og opna á milli. Við erum með þrjá námshópa í samkennslu; yngsta stig, miðstig og elsta stig og þetta gefur þeim færi á að aukinni samveru og eykur flæðið á milli. Þetta hefur gefið góða raun og nemendur voru fljótir að læra á nýja umhverfi sitt. Við erum líka mjög heppin með skólahúsnæði sem bæði er passlega stórt fyrir nemendahópinn okkar en einnig bjart og skemmtilegt. Við erum með bylgjuhurðir svo hægt er að hólfa rýmin af ef nemendur þurfa næði en það er afar sjaldan sem þær eru brúkaðar. Við reynum líka að hafa starfsumhverfið á forsendum nemenda. Það þarf til dæmis ekkert alltaf að sitja við borð til þess að læra, ef einhverjum finnst betra að vera upp í sófa, sitjandi á gólfinu eða leiti í önnur rými eins og matsal og bókasafn þá er það allt í lagi.

Nemendahópurinn telur núna 33 nemendur en að sögn Stefaníu hefur þeim fækkað að undanförnu vegna ótryggs atvinnuástands í byggðakjarnanum. Sjö kennarar starfa við skólann auk tveggja starfsmanna sem eru í blönduðum verkefnum.

„Allir kennarar eru með grunnskólamenntun en einn þeirra hefur lokið þremur af fimm árum í kennslufræðum. Við erum líka með mjög breiðan aldurshóp sem mér finnst vera mikill kostur, en starfsmenn eru á aldrinum u.þ.b. 35-65 ára.“

Bæjarbúar vel innvinklaðir í skólastarfið

–Hver eru helstu verkefnin sem unnin eru í skólanum um þessar mundir?

„Eitt stærsta verkefnið núna er átak sem hlotið hefur nafnið *Stillum saman strengi* og er því ætlað að bæta námsárangur nemenda við skólana. Sérstök áhersla mun lögð á íslensku og stærðfræði. Þetta er afar skemmtilegt verkefni sem Ísafjarðarbær stendur fyrir í skólum sveitarfélagsins. Hver skóli gerir það svo að sínu þar sem aðstæður og nemendafjöldinn er jú mjög breytilegur eftir skólum. Við höfum til að mynda lagt sérstaka áherslu á lestrarátök, bæði höfum við aukið við lestrartímann í skólanum og eins heima í samstarfi við foreldrana. Við erum reglulega með skimanir til að athuga stöðu nemanna. Þeir nemendur sem þurfa aðeins meiri lestrartíma fá hann í skólanum en við erum með svokallaða lestrarömmu sem tekur að sér að leyfa börnunum að lesa fyrir sig. Með þessu móti sjáum við fyrr hverjir þurfa aukaaðstoð og getum gefið þeim aukastuðning fyrir vikið. Nemendur hafa tekið afar vel í þetta og náð ótrúlegum framförum. Foreldrar hafa líka sýnt okkur mikinn stuðning en án þeirra gæti þetta ekki gengið svona vel.

Í byrjun átaksins settu nemendur sér sjálfir markmið og fengu umbun þegar þau náðu þeim. Yngsta stigið fékk að fara í sveitarferð og svo gistu þau í skólanum. Nemarnir á miðstigi vildu líka fá að gista í skólanum og brugðu á leik. Unglingarnir héldu kaffihúsastund í íþróttahúsinu og fengu svo að gista þar yfir nótt. Svo hafa þau líka unnið sér inn aðra umbun sem við höfum bara ekki komist í að láta verða að veruleika en það er auka skíðadagur. Bæði hefur veðrið ekki verið okkur hliðhollt og eins hefur verið nóg að gera í öðrum verkefnum en við verðum auðvitað við því ef við þegar tækifæri gefst til.“

Er viðtalið var tekið stóð undirbúningur fyrir árshátíð skólans sem hæst en hún er jafnan einn stærsti viðburður skólaársins.

„Nemendur og kennarar vinna að árshátíðinni í sameiningu en við gerum bæði búningana og leikmyndina frá grunni. Í ár höfum við einnig fengið aðstoð frá foreldrafélaginu og góðri ömmu til þess að sauma búninga á nemendur. Mjög góð mæting er jafnan á árshátíðina og það myndast mikil stemmning. Á síðasta ári héldum við í kjölfarið skógarkaffi því við vorum svo ánægð með það hvernig árshátíðin til tókst og vildum fá tækifæri til að komast í búningana aftur. Þá settum við upp Dýrin í Hálsaskógi og sú hátíð var afar vel sótt. Við fögnuðum velgengninni með því að ganga um bæinn og syngja og bjóða síðan þorpsbúum upp á kaffi og köku í skóginum. Þetta var afskaplega skemmtilegt og fullt af fólki mætti sem ekki á barn eða barnabörn í skólanum. Mér finnst mjög líklegt að við munum endurtaka leikinn. Það væri líka mjög skemmtilegt ef skólar sveitarfélagsins gætu verið í samstarfi og sýnt árshátíðaratriði sín hver fyrir hver öðrum. Krakkarnir leggja svo mikið í þetta og það væri gaman ef hægt væri að gera meira úr því. En það eru nú bara mínar vangaveltur og ég er ekki með neina lausn hvernig hægt væri að standa að því.

Svo höldum við árlega svokallaðan rauðan dag þar sem skólinn er opnaður fyrir gesti og börnin sýna afrakstur vinnu sinnar og bjóða upp á kaffi og með því. Vanalega fer þessi dagur fram í desember og er jafnan vel sóttur enda viljum við fá sem flesta. Fólk vill greinilega koma og fá að fylgjast með.“

Nám ekki einskorðað við bækur

Kennsluhættir og aðferðir breytast ört um þessar mundir og segir Stefanía að mörg tækifæri felist í því.

Það er liðin tíð að nemendur sitji hver í sínu horni og lesi visst margar blaðsíður á visst löngum tíma. Námið snýst mikið meira um að þau setji sér markmið, leiti upplýsinga sjálf og hjálpist að. Með aukinni tækni gefast líka tækifæri fyrir nemendur að vera í samstarfi við nema í öðrum skólum. Þau geta alveg unnið saman í gegnum iPadana sína þó svo þeir séu ekki á sama stað. Við höfum ekki prófað það en þá en gaman væri að fara í samstarf við aðra skóla og reyna á þetta fyrirkomulag. Bekkjarfélagarnir hjálpast líka að í stað þess að allir snúi beint fram og rétti bara upp til að fá aðstoð kennara þegar sessunauturinn veit nú kannski alveg svarið og getur vel hjálpað manni. Námið er einnig orðið mun einstaklingsmiðað og það er einmitt það tækifæri sem fámennið veitir okkur á Þingeyri, við getum svo vel unnið að slíku námi. Við erum líka með meiri nánd þó svo að við séum með blandaða námshópa. Krakkarnir læra að við erum ekki öll eins, það þurfa ekki allir að vera á sömu blaðsíðunni í sömu bókinni heldur má hver vinna eftir sínum eigin hraða. Ég held að það sé mjög mikilvægt að börn læri að vinna eftir eigin markmiðum en ekki einhverjum fyrirframákveðnum stöðlum. Þau eiga líka að fá að læra eftir sínum forsendum en ekki annarra nemenda, kennara eða foreldra. Mörgum finnst auðveldara að vinna á tölvur og þar kemur oft inn í les- eða skrifblinda á meðan aðrir eru sáttir með sinn blýant og sína bók. Það sem máli skiptir er að þeim líði vel og innbyrði það nám sem þau þurfa samkvæmt aðalnámskrá, þá skiptir ekki höfuðmáli hvernig þau innbyrða það.“

Stefanía tekur fram að ekki fari allt nám fram í bókum eða tölvum.

„Skólar eru svo lifandi stofnanir í dag, enginn dagur er eins og þar er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast. Börnin hafa líka svo margt fram að færa. Á Þingeyri hefur íþróttafélagið Höfrungur verið afar iðið við setja á svið alls kyns uppfærslur af leikritum með grunnskólanemendum og öðrum bæjarbúum. Þar læra þau framkomu, samvinnu, að læra texta og margt fleira. Það er hellings nám sem felst í því. Mörg barnanna á Þingeyri eru orðin mjög fær í þessu þar sem þau eru orðin svo vön að koma fram.“ Nú er þau meðal annars að sýna Garldakarlinn í Oz og er þetta mjög skemmtileg uppsetning hjá þeim. Börnin hér á Þingeyri er mjög hæfileikarík og eru þeim allir vegir færir til góðra hluta í framtíðinni.

Góður staður til að búa á

–En hvernig kom það til að þú varst ráðin skólastjóri á Þingeyri?

„Ég vann hjá skóla- og fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar þegar ég sá starfið auglýst. Ég hugsaði mig svolítið um en ákvað að gera ekkert í því. En þegar ég sá það svo aftur auglýst og eftir spjall á kaffistofunni ákvað ég slá til og prófa að sækja um. Ég hafði alltaf haft áhuga á skólamálum þó svo að ég hafi ekki verið að vinna við þau á þessum tímapunkti. Viti menn, ég fékk starfið.

Við fjölskyldan ákváðum að flytja þá til Þingeyrar þar sem okkur þótti það vænlegri kostur en að vera alltaf að koma og fara. Við fengum dásamlegt hús og unum hag okkar vel þar ásamt börnunum okkar þrjú, Róbert Múli er á leikskólaaldri en hin á grunnskólaaldri Ásmundur Múli og Kolbrún María. Ármann (Karlsson, eiginmaður Stefanínu innskot blaðamanns) keyrir reyndar daglega milli byggðakjarna en hann starfar sem múrari og mest allt hans starf fer fram á Ísafirði.

Fólkið á Þingeyri er afar duglegt við að finna sér eitthvað að gera. Fyrsti veturinn okkar á Þingeyri var í fyrra og þá komu margar helgar í röð þar sem maður sótti viðburði sem heimafólkið stóð fyrir. Svo er sundlaugin, sem er alveg dásamleg laug, nokkurs konar félagsmiðstöð þar sem þorpsbúarnir eru duglegir að sækja. Meðalaldurinn er nokkuð hár á Þingeyri en þar sem atvinnuástandið er einsleitt er algengt að unga fólkið komi ekki aftur heim eftir að það hefur sótt sína menntun. Vonandi mun það takast, með hækkandi sól og samstilltu átaki allra þeirra sem að því koma, að hægt verði að koma á stöðugleika í atvinnulífinu og jafnvel fjölga störfum.

Þingeyri er afskaplega snyrtilegur bær og fólkið þar hugsar vel um húsin sín. Göturnar eru reglulega sópaðar og mikið er um uppgerð gömul hús. Reyndar hefur verið mikið um að fólk sé að kaupa hús til að nýta sem sumarhús, sem er nú ef til vill öfug þróun við það sem fólkið sem býr þarna vill. Við búum einmitt í hverfi þar sem mikið er um þessi sumarhús. Ég man hvað manni brá við eftir fyrsta veturinn þegar það kviknuðu allt í einu ljós í húsunum í kring þar sem ekkert líf hafði verið allan veturinn. Húseigendurnir mega þó eiga það að þeir hugsa vel um húsin sín þó svo að þeir búi ekki þarna að staðaldri.

Þingeyri er afskaplega góður staður til að búa á, bæði er afskaplega fallegt þarna og fólkið upp til hópa mjög gott. Þarna er líka ótrúleg veðursæld. Hvað meira getur maður svo sem beðið um," segir Stefanía með bros á vör.

Ætlaði bara að vera fyrir vestan einn vetur

Stefanía er fæddur og uppalinn Grindvíkingur og fluttist fyrst vestur til að spila körfubolta með Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar.

„Ég kom vestur veturinn 2000-2001. Ég ætlaði bara að vera einn vetur en það fór nú ekki alveg þannig. Ég man að þegar ég lenti á Ísafjarðarflugvelli einn vetrarmorgun vissi ég varla hvað sneri upp og hvað niður enda hafði ég ekki komið til Ísafjarðar frá barnsaldri. En hingað var ég komin til að prufa eitthvað nýtt. Ég hafði ekki spilað veturinn á undann vegna veikinda og langaði til þess að reyna á mig á nýjum vígstöðum ef heilsan leyfði. Karl Jónsson var þá þjálfari og vildi hann reyna á þetta og er ég honum afar þakklát í dag.

Þetta var afar skemmtilegur vetur. Ég vann hálfan daginn á leikskólanum Eyrarskjóli og spilaði körfubolta með KFÍ þess á milli. Liðið samanstóð af skemmtilegum og nánum hópi stelpna og þó svo að við höfum ekki náð í úrslitaleiki þá stóðum við okkur nú bara ágætlega. Náðum að minnsta kosti í undanúrslitin á öllum vígstöðvum.

En árið 2001 kynntist ég Ármanni mínum og ákvað því að framlengja dvölinni minni. Nokkrum árum seinna fluttum við Ármann til Grindavíkur þar sem ég spilaði einnig körfubolta einn vetur. Við ílengdumst samt ekkert þar Ármann var ekki hrifinn af veðurfarinu sem þar er rok og rigning reglulega og fluttum fljótlega aftur vestur, að þessu sinni til Súðavíkur. Þar fór ég að kenna í fyrsta sinn og kolféll fyrir starfinu. Það vantaði kennara frá áramótum og þannig hittist á að ég útskrifaðist einmitt sem félagsliði á sama tíma. Ég heillaðist alveg af starfinu og börnunum en ég hef alltaf haft voða gaman af því vera í kringum börn og mikið verið að þjálfa krakka í körfubolta. Ég hef mjög gaman af því að þjálfa. Ég hef verið að þjálfa hjá KFÍ alveg þangað til í vetur en þá tók ég mér frí. Hef þó aðstoðað í nokkrum leikjum þegar börnin mín eru að keppa. Þeim finnst fátt skemmtilegra en að vera í íþróttum og þá körfubolta og fótbolta. Við leggjum okkur fram við að fylgja þeim eftir í þessum áhugamálum eins og við getum. Þau sækja bæði æfingar á Þingeyri sem Hörfungur og íþróttaskóli HSV bjóða uppá og eins förum við á Ísafjörð á æfðingar hjá Bí88 og KFÍ. Stundum er því töluverð keyrsla á okkur en þannig er það bara og maður er ekkert að setja það fyrir sig þegar veður og færð er góð.

Við fluttumst suður á meðan ég kláraði kennaranámið. Ég tók kennaranámið í fjarnámi þar sem börnin voru ung og Ármann var mikið að vinna í burtu á þeim tíma. Því var aðalástæðan fyrir flutningum svo ég gæti verið með barnapíu á takteinunum en mamma og pabbi búa í Grindavík þar sem ég er fædd og uppalin. Námið var mjög skemmtilegt og höfðaði vel til mín. Ég byrjaði svo strax í framhaldsnámi í Uppeldis- og menntunarfærðum og hef lokið 90 ECT einingum. Á ritgerðina eftir og er alltaf á leiðinni að ljúka henni. Við fluttum aftur vestur 2010 og höfum verið kyrr hér síðan. Við erum ekkert á leiðinni að fara neitt enda kunnum við afar vel við okkur hér á Vestfjörðum," segir Stefanía Ásmundsdóttir, fráfarandi skólastjóri á Þingeyri og núverandi skólastjóri í Bolungarvík.

-Thelma Hjaltadóttir.

Kalkþörungaverkefnið í réttum farvegi

„Verkefnið er í réttum farvegi og frá okkar bæjardyrum eru engar aðrar forsendur en að kalkþörungaverksmiðja rísi í Súðavík innan 3-4 ára,“ segir Sigurður R. Helgason, stjórnarformaður Íslenska kalkþörungafélagsins sem rekur kalkþörungaverksmiðjuna á Bíldudal. Eins og kunnugt er lagði Marigot Group (MG), móðurfélag Celtic Sea Minerals, eiganda Íslenska kalkþörungafélagsins, fram á haustdögum viljayfirlýsingu um áhuga sinn á að fjárfesta í námu- og afurðavinnslu á kalkþörungum úr Ísafjarðardjúpi. Vilji MG stendur til að reisa kalkþörungaverksmiðju í Súðavík vegna nálægðar þorpsins við hráefni kalkþörunga og þangs sem verksmiðjan þarf á að halda úr Ísafjarðardjúpi.

Fyrirhugað athafnarsvæði er innan við Langeyri í Álftafirði.

„Við höfum miklar væntingar til þessa verkefnis og er mikið í mun að vinna með Súðvíkingum að þessari uppbyggingu. Við erum að vinna samkvæmt viljayfirlýsingu sem undirrituð var milli Súðavíkurhrepps og Marigot, móðurfélags Íslenska Kalkþörungafélagsins sem er sama vinnuferli og unnið var eftir þegar við byggðum verksmiðjuna á Bíldudal. Það er þó ljóst að til þess að við getum hafið framkvæmdir í Súðavík, þarf að fjárfesta í innviðum á svæðinu. Verksmiðjan þarf 8Mv af rafmagni sem ekki er til staðar í dag og svo þarf nægilega stóra lóð með hafnarkanti. Við erum að vinna með Súðavíkurhreppi og AtVest að því að tryggja að aðstæðan verði fyrir hendi og við höfum fulla trú á svo verði,“ segir Sigurður.

„Það liggur fyrir að uppbygging innviða þarf að eiga sér stað í Súðavík til að þetta verkefni geti orðið að veruleika,“ segir Pétur G. Markan sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. „Í fyrsta lagi þarf að fjárfesta í afkastameiri og öruggari afhendingu á raforku til Súðavíkur. Mál sem er ekki bara einkamál þessarar framkvæmdar, heldur sem snýr að öllum íbúum sveitarfélagsins. Svo þurfa lóða- og hafnarframkvæmdir að eiga sér stað til að verksmiðjan geti hafið vinnslu. Hvoru tveggja eru miklar framkvæmdir og það er ekki hægt að leggja slíkar framkvæmdir eingöngu á herðar íbúa Súðavíkurhrepps. Enda hlýtur verkefnið að vera fyrst og fremst sameiginlegt markmið og hagsmunamál Vestfirðinga. Hér um að ræða verkefni, á bakvið það eru traustir og ábyrgir aðilar, sem munu skapa marga tugi nýrra starfa og efla verðmætasköpun á svæði sem sárlega vantar slíkt. Við megum ekki gleyma að þó það kosti einhverja fjármuni að byggja upp svæðið er verkefnið arðbært og mun skila þessum fjármununum til baka og vel það. Það er lykilatriði, fyrir okkur, stjórnvöld og fjárfestana að baki verkefninu,“ segir Pétur.

„Við erum því að horfa til stjórnvalda um gerð fjárfestingasamnings um verkefnið með því efla Vestfirði. Slíkur fjarfestingasamningur er að mörgu leiti eðlileg samvinna stjórnvalda með sveitarstjórnarfólki og fjárfestum til að sækja fram og byggja inn í framtíðina. Sú vinna er þegar hafin með atfylgi AtVest og er ég afar bjarsýnn á að það muni ná fram að ganga. Vinnsla kalkþörunga er langtímaverkefni. Fjárfestar fara ekki á stað í svona verkefni nema að sjá 30-40 ár fram í tímann. Þetta er ekki verkefni sem gufar upp eða flytur í burtu. Þetta eru varanleg störf sem hægt er að byggja á. Við erum að vinna með fjárfestum sem hafa þegar sannað sig á Vestfjörðum og vilja vinna með samfélaginu í langan tíma. Með þessu erum við að bæta nýju eggi í körfuna og það er mikilvægt fyrir íbúa Súðavíkur og í raun allra íbúa á norðanverðum Vestfjörðum,“ segir Pétur Markan, sveitarstjóri í Súðavík.

Sælkerar vikunnar eru frænkurnar Halldóra Karlsdóttir og Agnes Ásgeirsdóttir frá Hnífsdal sem búsettar eru í Lærdal í Noregi

Uppáhalds pizza blúndnanna

Á hverju ári hittumst við æskuvinkonurnar úr Hnífsdal og eigum góða stund saman. Í hópnum leynast snillingar í matseld og í einni slíkri gæðastund fengum við þessa dásamlega pizzu en þessi uppskrift er komin frá Halldóru Elíasdóttur (Ella Bjössa og Dódóardóttur) og Hnífsdælingi. Þessi pizza hefur heldur betur slegið í gegn hér í Lærdal og hefur hróður hennar borist víða. Í Lærdal eru eplatré í hverjum garði og trén nánast svigna undan þeim síðsumars og eplaanganinn leggur fyrir vitum þeirra sem ganga framhjá. Við frænkur vorum nánast heillaðar af þessum dásemdum og þykir við hæfi að koma með uppskrift af norskum eftirrétti og má í lauslegri þýðingu kalla dulbúnu sveitarstelpurnar.

Uppáhalds pizza blúndnanna

Pizza botn (að eigin vali en spelt deig úr bónus er afbragð)
Olía með basilikum
1 poki rifinn ostur
Fersk eða þurkað basilikum
1 poki Ruccola
Serrytómatar eftir smekk.
1 bréf hráskinka.
1 bréf furuhnetur.
Fetaostur eftir smekk.

Aðferð

Fletjið út pizzadeigið, hellið yfir deigið ca. hálfri flösku af olíunni og dreifið ostinum yfir og fersk eða þurrkað basilikum. Látið standa á meðan deigið hefast. Bakað í ofni. Þegar osturinn er orðinn gylltur og pizzan bökuð þá er hún kæld smá stund. Þá er ruccola dreift yfir og þar ofan á hráskinkan, tómatarnir, fetaostur og furuhnetur.

Dulbúnar sveitastelpur

7 epli.
1 dl sykur.
1/2 dl vatn.
Brauðmix
3 msk ekta smjör.
4 dl kexmylsna. (má vera maccarónukökur, piparkökur, engiferkökur, brauðmylsna eða hvað sem vill)
3 msk sykur.
1/2 tsk kanel.
3 dl rjómi.
1 tsk vanillusykur.

Aðferð: einfalt og tekur ca 30 mínútur.

1. Epli afhýdd og skorin í bita, sett í pott ásamt vatni og sykri. Malla þar til eru orðin mjúk og að verða að mauki.
2. Smjörið brætt á pönnu, mylsnan ásamt kanel og sykri bætt út í og gyllt.
3. Rjóminn þeyttur með vanillusykrinum.

Blöndurnar eru settar í desertskálar eða falleg glös í lögum þ.e; lag 1 2 og 3 til skiptis og fjöldi laganna eftir hæð skálarinnar.

Í stað brauðmylsnunnar má setja alskonar muldar hnetur og möndlur.

Við skorum á Auði Guðjónsdóttur og Lárus Daníelsson, Ísfirðingana hér í Lærdal til að vera næstu sælkerar vikunnar.

Bestu kveðjur frá Hnífsdælingunum í Lærdal, Halldóru Karlsdóttur og Agnesi Ásgeirsdóttur.

Fyrstu vörurnar komnar í búðir

Eftir mikið þróunarstarf eru fyrstu vörur frá fyrirtækinu True Westfjords komnar í verslanir. Fyrirtækið framleiðir fiskiolíu úr þorsklifur í Bolungarvík undir vörumerkinu Dropi. Olíuna er bæði hægt að fá í fljótandi formi og í hylkjum. „Fyrstu vörunar fóru í sölu í Bjarnabúð í Bolungarvík. Okkur fannst við hæfi að byrja hér heima og tilvalið að byrja í Bjarnabúð, elstu verslun á svæðinu," segir Sigrún Sigurðardóttir, einn eigenda fyrirtækisins. Sögu True Westfjords má rekja til þess þegar Sigrún var í MBA-námi með Önnu Sigríði Jörundsdóttur og Birgittu Baldursdóttur og hugmyndin kviknaði í tengslum við verkefni í náminu.

„Við stofnuðum fyrirtækið árið 2012 og síðan hefur verið unnið mikið þróunarstarf sem mun halda áfram," segir hún. Lifrin kemur öll af dagróðrabátum í Bolungarvík sem veitir fyrirtækinu aðgang að mjög fersku hráefni. Dropi er komin í dreifingu í fleiri búðir og segir Sigrún spennandi tíma framundan. „Maður fær fiðring í magann og það fylgir því bæði kvíði og tilhlökkun að láta vörurnar frá sér. En þau viðbrögð sem við höfum fengið til eru mjög góð og við fengið mikinn stuðning hér heim," segir hún.

Þess má einnig geta að Vilborg Arna Gissurardóttir, sem nú er á leiðinni á hæsta fjall heims, Mt. Everest, er með Dropa þorskalýsi með sér til að viðhalda heilsu og góðri líðan. Vilborg Arna fékk afhentar fyrstu pakkningarnar sem komu úr verksmiðjunni í Bolungarvík daginn sem hún lagði af stað í seinni leiðangurinn á þetta hæsta fjall veraldar.

– smari@bb.is

Átján vilja markaðsstjórastarfið

Átján umsóknir bárust um starf markaðs- og kynningarfulltrúa Bolungarvíkur sem auglýst var laust til umsóknar í byrjun síðasta mánaðar. Umsækjendur um starfið eru Arnór Sigmarsson, Ásgeir Örn Ásgeirsson, Ásta Gísladóttir, Birna Dögg Guðmundsdóttir, Davíð Á. Davíðsson, Elsa Kristinsdóttir, G. Ágúst Pétursson, Guðfinna Oddsdóttir, Helgi Hjálmtýsson, Herborg Svana Hjelm, Hrafnhildur Sigmarsdóttir, Jón Trausti Sæmundsson, Linda Björk Hallgrímsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, María Einarsdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sólveig Dagmar Þórisdóttir og Þór Ómar Jónsson. Bæjarráð Bolungarvíkur hefur farið yfir umsóknirnar sem eru til frekari úrvinnslu hjá Capacent.

Starf markaðs- og kynningarfulltrúa Bolungarvíkur er mjög margþætt. Um er að ræða framkvæmdastjórn viðburða ásamt störfum sem tengjast kynningar- og útgáfumálum fyrir Bolungarvík.

Fékk bætur vegna ásakana um kynferðisbrot

Einn fimmenninganna, sem voru handteknir á Ísafirði í desember 2013 grunaðir um kynferðisbrot gegn ungri stúlku, hefur fengið greiddar miskabætur úr ríkissjóði. Maðurinn krafðist skaðabóta vegna handtöku, farbanns, líkamsrannsóknar og húsleitar. Manninum voru greiddar 250 þúsund krónur í miskabætur og tæplega 300 þúsund í málskostnað, samtals tæplega 550 þúsund krónur. Hinir fjórir fóru einnig fram á skaðabætur. Tveir mannanna, sem allir eru erlendir ríkisborgarar, voru úrskurðaðir í tveggja mánaða farbann. Hvorugur þeirra mótmælti því en þeir lýstu báðir yfir sakleysi sínu fyrir héraðsdómi. Bótakrafan var send ríkislögmanni í fyrra og hann féllst á að greiða miskabætur í þarsíðustu viku.

Lögregla fékk tilkynningu um málið um klukkan hálffimm að morgni laugardags 14. desember. Konan var flutt til skoðunar á sjúkrahúsinu á Ísafirði þar sem hún fékk aðhlynningu. Mennirnir voru handteknir strax um morguninn og hófust yfirheyrslur síðdegis. Þeim var öllum sleppt um sólarhring síðar og krafist farbanns yfir tveimur þeirra. Ríkissaksóknari taldi með hliðsjón af rannsóknargögnum að málið væri ekki líklegt til sakfellis og því var ekki gefin út ákæra.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Staða innheimtufulltrúa

Laust er til umsóknar staða innheimtufulltrúa hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum í starfsstöð embættisins í Bolungarvík. Um er að ræða fullt starf, tímabundið í eitt ár, en ekki er útilokað að um framlengingu geti orðið að ræða.

Starfið felur í sér verkefni tengd álagningu og innheimtu vanrækslugjalds skv. reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja ásamt almennum skrifstofustörfum, vinnu við vef sýslumanna,*www.syslumenn.is* og öðrum tilfallandi verkefnum.

Óskað er eftir talnaglöggum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir góðri almennri tölvu- og íslenskukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé jákvæður, þjónustulundaður og eigi gott með samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR - stéttarfélags í almannaþjónustu.

Frekari upplýsingar veita Jónas Guðmundsson, sýslumaður í síma 458 2400, netfang *jg@syslumenn.is* eða Helga Dóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, í sama síma og netfang *hdk@syslumenn.is*.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast í síðasta lagi 4. maí nk. til embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, annað hvort með pósti eða í ofangreind netföng.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum var stofnað við sameiningu fjögurra embætta sýslumanna 1. janúar sl. og er starfssvæði þess allir Vestfirðir. Starfsmenn eru 18 og skrifstofur eru fjórar.

Ísafirði, 10. apríl 2015,
sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Jónas Guðmundsson.

Fullfrágenginn varnargarður hefði komið í veg fyrir tjón

Ef vatnssvelgir við varnargarðinn í Eyrarfjalli hefðu verið fullfrágengnir, hefði ekki orðið tjón á húsum við Urðarveg í vatnsflóðunum í febrúar. Þetta er mat Jóhanns Birkis Helgasonar, tæknifræðings hjá Verkís á Ísafirði. Svelgir eru niðurföll með stórri rist til að taka á móti miklu vatnsmagni. Í minnisblaði Jóhanns Birkis um vatnsflóðin á Ísafirði 8. febrúar segir að svelgur ofan við innanverðan Urðarveg hafi verið fjarlægður vegna framkvæmda við varnargarðinn og nýr svelgur hafi ekki verið frágenginn og því flæddi vatn á Urðarveg 74 og 76.

Álíka ástand skapaðist ofan við Urðarveg 31-37 þar sem aurvarnargarður er í byggingu og ekki búið að ganga frá svelg sem á að taka við vatni. Þegar starfsmenn ÍAV hættu störfum í vetur var gengið frá brunni til bráðabirgða með því að setja rist á hann. Jóhann Birkir segir líklegt að ristin hafi stíflast og því tók brunnurinn ekki við vatni sem flæddi eftir aurvarnagarðinum. Niðurföll í götunni afköstuðu ekki að taka á móti vatninu og því flæddi inn á lóðir og þar sem Urðarvegurinn er lægstur flæddi niður á Engjaveg. Eftir að beltavél var kölluð til og opnaði brunninn tæmdist vatnið af götunni.

Við utanverðan Urðarveg var það sama uppi á teningnum, ekki búið að ganga frá vatnssvelgum og vatnsrásum og því rann vatnið niður Urðavegsbrekkuna og niður á eyri. Jóhann Birkir skoðaði aðstæður í hlíðinni til að kanna hvort mögulegt væri að veita vatninu út fyrir byggðina og út í Krók. Í minnisblaðinu segir að á þeim tímapunkti var ekki að sjá einfalda leið til þess þar sem miklar framkvæmdi höfðu átt sér stað við varnargarðinn. Jóhann Birkir telur að ef svelgir hefðu verið fullfrágengnir, þá hefði ekki orðið tjón á lóðum við Urðaveg og nýr varnargarður í Stórurð hefði veitt vatni út fyrir byggðina í stað þess að fara niður Urðarvegsbrekku.

Um ástandið á eyrinni segir í minnisblaðinu að veitukerfi bæjarins voru yfirfull og önnuðu engan veginn vatnsmagninu. Á eyrinni er einfalt fráveitukerfi, sem þýðir að það er ekki sérstakt kerfi sem tekur við regnvatni. Við hringtorgið er dælubrunnur sem hafði ekki undan og við það fylltust lagnir í Túngötu og víðar með þeim afleiðingum að vatn kom upp úr niðurföllum húsa. Jóhann Birkir segir að ætlunin hafi verið að setja stærstu dælu sem var í boði í brunninn, en þar sem ekki var til nægilega langir barkar á hana, varð að setja minni dælu í brunninn. Hann segir hugsanlega hefði mátt koma í veg fyrir hluta af því tjóni sem varð, ef betri búnaður hefði verið til staðar.

Skemmdir urðu á gervigrasvellinum á Torfnesi þegar grasið lyftist upp í flóðunum og enn er óvíst með tjón á grasvellinum. Í minnisblaðinu segir að stórt vegræsi frá bílastæðunum á Torfnesi og út í sjó hefði komið í veg fyrir eins mikið tjón og varð.

ÍSAFJARÐARBÆR

MÚLALAND 12, ÍSAFIRÐI – VIÐGERÐIR UTANHÚSS

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. óska eftir tilboðum í verkið „Múlaland 12, Ísafirði, viðgerðir utanhúss.“
Um er að ræða múrviðgerðir á einum gafli, málun veggja og glugga auk minni verkþátta.

Helstu stærðir eru:

Hreinsun steyptra flata	362m²
Endurmálun veggja	863m²
Endurmálun gluggakanta	325m

Verkið skal vera að fullu lokið 15. september 2015.
Útboðsgögn verða til sýnis hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 9. apríl 2015. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 28. apríl 2015 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Meirihluti minnihluta kjósenda

Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar situr í umboði 44% kjósenda vorið 2014. En fyrrverandi bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði þeim lið sem bæjarstjóraefni og kvaðst sjálfur hafa gert það til að þjóna samvisku sinni ef rétt er munað. Nú eru liðnir 10 mánuðir og hálfum mánuði betur og nú velta margir fyrir sér árangrinum. Hefur meirihluti minnihlutans með brotthlaupinn sjálfstæðismann í stafni náð einhverjum mælanlegum árangri, gert eitthvað af viti, eins og oft er sagt? Sannast sagna ber lítið á stórverkum nema ef vera skyldi að opna betur buddu bæjarbúa fyrir útflæði til verka sem hugnast minnihlutanum, lesist meirihluta bæjarfulltrúa. Þá vaknar spurningin. Var það aðhald og varfærni flokkssystkina fyrrum forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Gísla Halldórs Halldórssonar, sem ekki samrýmdist samvisku hans?

Eitt stóru mála forsetans fyrrverandi og nú bæjarstjóra minnihluta meirihlutans eða hvað hægt er að kalla það þegar fleiri kjósendur kusu annað var að berjast gegn kvótakerfi sem núverandi fiskveiðistefna byggir á. Gott væri fyrir kjósendur, ekki aðeins þau 56% sem kusu ekki meirihluta bæjarfulltrúa heldur líka hin 44%, minnihlutann sem kaus meirihlutann, að vita hvar sú barátta bæjarstjórans stendur nú. Hefur hann fengið nýja viðhlæjendur eða eftir atvikum gamla samherja til þess að leggja fram frumvarp í þá veruna að afnema núverandi kvótakerfi? Ekkert hefur verið upplýst um það, þó samherjar aðstandenda Í listans hafi haft fjögur ár til þess að breyta kvótakerfinu á síðasta kjörtímabili Alþingis. En þá mynduðu þeir meirihluta á Alþingi með stuðningi kjósenda sinna og ríkisstjórn að auki.

Ef marka má yfirlýsingar sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur þó kvóti verið afnuminn á útgjöldum bæjarins. Hvort það telst til viðunandi árangurs skal ósagt látið, en kannski er árangurinn af baráttunni auglýstur á „Facebook“ bæjarstjórnar, bæjarstjóra eða bæjarfulltrúa. Gott væri að fá stöðuskýrslu þegar ár er liðið af valdatímanum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fastur punktur í aldarfjórðung

Ísfirska ferðaþjónustufyrirtækið Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar hefur verið starfrækt á Ísafirði í rúman aldarfjórðung. Fyrirtækið er með þrjú skip í sinni þjónustu sem nær 10 þúsund farþega yfir sumartímann, sem er aðal rekstrartímabil fyrirtækisins. „Þetta árið byrjum við 24.-25. maí þegar fyrsta skemmtiferðaskipið kemur til Ísafjarðar. Frá 10. júní verðum við síðan með daglegar ferðir út í Vigur en siglingin þangað tekur aðeins 30-40 mínútur," segir Guðrún Kristjánsdóttir, einn eigenda Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar.

Áætlunarferðir til Aðalvíkur hefjast 13. júní, til Hesteyrar í Jökulfjörðum 14. júní og 18. júní til Hornvíkur. Sumaræfintýrinu lýkur síðan síðustu vikuna í ágúst. Að sögn Guðrúnar er mikið bókað í ferðir sumarsins en allar bókanir fyrirtækisins fara í gegnum ferðaskrifstofuna Vesturferðir á Ísafirði. „Við höfum mikið boðið upp á dagsferðir sem hafa notið mikilla vinsælda," segir Guðrún. Hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar starfa að meðaltali níu manns yfir sumartímann auk tveggja aukamanna sem koma inn á álagstímum.

Guðrún segir að samgöngur til og frá Vestfjörðum geri ferðaþjónustuaðilum erfitt fyrir. „Það vilja fáir viðurkenna það en ég er búinn að vera í þessum geira í meira en 25 ár og veit því vel að slæmar samgöngur standa ferðaþjónustunni fyrir þrifum. Það er heldur ekki gott að treysta á flugið. Fólk vill ekki koma og vera veðurteppt í 2-3 daga," segir Guðrún Kristjánsdóttir, einn eigenda fyrirtækisins.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og virðingu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Róslaugar Jónínu Agnarsdóttur
Hlíðarvegi 45, Ísafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fyrir góða umönnun
Guð blessi ykkur öll.

Sigurður Ólafsson (Bíi)

Ólafur Rúnar Sigurðsson	Elísabet Una Jónsdóttir
Agnar Þór Sigurðsson	Jóndís Sigurrós Einarsdóttir
Alma Björk Sigurðardóttir	Hlynur Hafberg Snorrason
Sólveig S. Sigurðardóttir	Sigurður Jónsson
Auðunn Atli Sigurðsson	Ágústa Þorsteinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall

Gunnars Jónssonar
Sætúni 7, Ísafirði

Einlægar þakkir til allra þeirra sem sýndu Gunnari vinsemd og virðingu í veikindum hans. Sérstakar þakkir fær Heilbrigðisstofnun Vestfjarða - öldrunardeild.

Jónína Einarsdóttir og fjölskylda

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Staða skrifstofumanns

Laus er til umsóknar staða skrifstofumanns hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum í starfsstöð embættisins á Ísafirði. Um er að ræða fullt starf.

Starfið felst í almennri afgreiðslu, símsvörun, aðstoð við leyfisveitingar, afgreiðslu ökuskírteina og vegabréfa, dagbókarfærslu þinglýsingarskjala, vinnu við vef sýslumanna, www.syslumenn.is, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Óskað er eftir töluglöggum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir góðri almennri tölvu- og íslenskukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi sé jákvæður, þjónustulundaður og eigi gott með samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi stúdentspróf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og SFR - stéttarfélags í almannaþjónustu.

Frekari upplýsingar veita Jónas Guðmundsson, sýslumaður í síma 458 2400, netfang *jg@syslumenn.is* eða Helga Dóra Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, í sama síma og netfang *hdk@syslumenn.is*.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast í síðasta lagi 4. maí nk. til embættis Sýslumannsins á Vestfjörðum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, annað hvort með pósti eða í ofangreind netföng.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Embætti Sýslumannsins á Vestfjörðum var stofnað við sameiningu fjögurra embætta sýslumanna 1. janúar sl. og er starfssvæði þess allir Vestfirðir. Starfsmenn eru 18 og skrifstofur eru fjórar.

Ísafirði, 10. apríl 2015,
sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Jónas Guðmundsson.

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

Fimmtudagur 16. apríl
kl. 19:00 Sevilla - Zenit
kl. 19:00 Wolfsburg - Napoli
Föstudagur 17. apríl
kl. 18:45 Norwich - Middlesbr.
Laugardagur 18. apríl
kl. 14:00 Arsenal - Sunderland
kl. 14:00 Everton - Burnley
kl. 14:00 Crystal P. - WBA
kl. 14: Hull - Liverpool
kl. 14:00 Leicester - Swansea
kl. 14:00 Stoke - South.pton
kl. 14:00 Barceona - Valencia
kl. 16:20 Chelsea - Man. Utd
kl. 18:00 Real M - Malaga
Sunnudagur 19. apríl
kl. 12:30 Man. City - West Ham
kl. 14:00 Aston V - Liverpool
kl. 15:00 Newcastle - Tottenh.
Þriðjudagur 21. apríl
kl. 18:45 Barcelona - PSG
kl. 18:45 Bayern M - Porto
Miðvikudagur 22. apríl
kl. 18:45 Real M - Athl. Madrid
kl. 18:45 Mónakó - Juventus

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

16. apríl 1915: Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands, kom til Reykjavíkur og var því vel fagnað. Gullfoss var fyrsta vélknúna millilandaskip sem smíðað var fyrir Íslendinga og hafði frá byrjun íslenskan skipstjóra og íslenska áhöfn.
17. apríl 1913: Járnbraut, sú fyrsta og eina á Íslandi, var tekin í notkun. Hún lá frá Öskjuhlíð að Reykjavíkurhöfn og var notuð við grjótflutninga vegna hafnargerðar.
18. apríl 1903: Eldur kom upp í húsinu Glasgow, sem stóð milli Fishersunds og Vesturgötu í Reykjavík, en það var stærsta hús sem reist hafði verið hérlendis. Ekki varð við eldinn ráðið en fólk bjargaðist með naumindum.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Sunnan- og suðvestan 5-13 m/s og rigning vestanlands, annars þurrt. Hiti 5-10 stig.

Horfur á laugardag:
Ákveðin suðvestanátt og rigning um vestanvert landið, annars léttskýjað. Hiti 4-12 stig að deginum.

Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir suðlæga átt og dálitla rigningu vestanlands en bjartviðri NA-lands.

Krossgátan

					AF-HENDING	STARFS-AÐFERÐ	GRÓA		Í RÖÐ	RÚMT	SVELG
				DUGUR							
				SLUNGINN				LÖNG / DEIGUR			
				LJÓMANDI					Í RÖÐ / FRÁSÖGN		
				SJÁ UM / HVÆS							FJÖRU-GRÓÐUR
	↓	KLÍNA	LAGFÆRA							NÚA	
URIN					EIN-HVERJIR	SKYNFÆRA / SKEL					
BARDAGI			EGNA / FÖST STÆRÐ				ÞRAUT / KEYRA				
MÁLM-SUÐA								GEÐ	TVEIR EINS / SPRÆKUR		
MUNDA				SANNGJÖRN / TÆKNI-FRJÓVGUN							SLIT
BOX						SMÁ-PENINGAR / STÆKKA					
		ÆTA / LÁRVIÐAR-RÓS					TVEIR EINS / HEITI			SKÁN	
FORM					MEIN				HLUTA-FÉLAG / NOKKRIR		
DRYKKUR			STUNDA / MÁTTUR					STROFF / HVÍLD			
RÍKI Í ARABÍU					NIÐUR-FELLING / SAMTÖK						
FJÖRGA						KÆR					
LABBA						INNYFLA					

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Lausn á síðustu krossgátu

					FJÖLDINN ALLUR	ÞÁTT-TAKANDI	GERÐ	FIMM	ÓÐ	SETJA	SVELG
				FÆÐA	M	A	T	V	Æ	L	I
				SÆLINDÝR	A	Ð	A	TILLAGA / KJÖT-STYKKI	R	Á	Ð
				GÖNGULAG	R	I	G	S	Í RÖÐ / GNÝR	T	U
				BLIKA	G	L	I	T	R	A	STRITA
	↓	KÝRAUGA	GELT	TVEIR EINS / DÝRA-HLJÓÐ	I	I	HÓLMI / BORGARÍS	E	Y	BRASKA	B
BLEYTU-KRAP	E	L	G	U	R	STAGA / INN-GANGUR	R	I	M	P	A
SLÁTTAR-TÆKI	L	J	Á	R	EFTIRLÆTI / LOFT-TEGUND	D	E	K	U	R	K
LÉST	D	Ó	MÖKK / STEFNA	R	E	Y	K	FLAN / ÆSINGUR	R	A	S
FUGL	A	R	I	HLJÓM-SVEIT / ELDAÐUR	T	R	Í	Ó	ÁTT / STRUNS	N	A
TAPA	M	I	S	S	A	HJARTA-ÁFALL / HJARA	S	L	A	G	SEINNA
	E	GORT / STUTT RÆÐA	M	O	N	T	JURT / ELDA	G	R	A	S
NÁKOMIÐ	N	Á	I	Ð	FYRIR-HÖFN	Ó	M	A	K	BOR	Í
ÁTT	N	V	INNYFLA / FLEY	I	Ð	R	A	ARR	TIL / ORGA	A	Ð
AÐ-RAKSTUR	S	A	F	N	EITURLYF / RÓMVERSK TALA	A	L	S	Æ	L	A
BÓMA	K	R	A	N	I	FIMUR	L	I	P	U	R
MÁNUÐUR	A	P	R	Í	L	SEYTLAR	A	G	A	R	

Sudoku þrautir

			1		6			
	2	1				6	5	
	4	6				3		
8				4		9	7	6
					7			
		7	5	2				
	3						6	7
			4	6			2	
6					9			

					4		9	
		7						8
		3						6
	1		8	2		7		
5						3		2
4		2		7	6			1
7	2	4		3		8	1	5
9	6			1			4	3
				5	2	6		

Eiga mest í fyrirtækjum á Vestfjörðum

Lánasafn Byggðastofnunar dreifist nú jafnar yfir starfssvæði stofnunarinnar en það hefur gert undanfarin ár að því er segir í ársskýrslu stofnunarinnar sem gefin var út á föstudag. Þó er sem fyrr mest af útlánum á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum. Byggðastofnun á hlut í 49 fyrirtækjum víðsvegar um landið og í flestum atvinnugreinum.

Bókfært virði hlutabréfasafns Byggðastofnunar var um áramót rúmar 902 m.kr. Stærstur hluti hlutabréfaeignar stofnunarinnar er á Vestfjörðum en þar á stofnunin m.a. hlut í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum, fjárfestingarfélaginu Hvetjanda, Þórsbergi ehf. á Tálknafirði og eignarhaldsfélaginu Glámu ehf.

Næstu skref að fá starfsleyfi

Skipulagsstofnun hefur birt álit sitt á matsskýrslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. um umhverfismat á 7.000 tonna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Á vefsíðu HG er álitinu fagnað og þar kemur fram að næstu skref fyrirtækisins eru að fá afgreitt starfsleyfi hjá Matvælastofnun og rekstrarleyfi hjá Umhverfisstofnun.

Ekki liggur fyrir hve langan tíma tekur að afgreiða leyfin. Í áætlunum HG til þessa hefur verið miðað við að leyfisveitingum yrði lokið á vormánuðum og að hægt yrði að setja fyrstu regnbogasilungsseiðin í sjókvíar í Álftafirði í júní.

Ódýrara að eiga hund á Ísafirði

Nýskráning og árgjald hundaleyfa er umtalsvert ódýrari í Ísafjarðarbæ en í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta leyfisveiting í Ísafjarðarbæ kostar kr. 10.500.- samanborið við kr. 13.600.- á höfuðborgarsvæðinu. Árgjald fyrir hvern hund á höfuðborgarsvæðinu er 12.600.- krónur samanborið við 8.400.- krónur í Ísafjarðarbæ. Kostnaður við handsömun hunda á höfuðborgarsvæðinu er kr. 28.700.- samanborið við kr. 15.750.- í Ísafjarðarbæ þar sem gjaldið er reyndar þrískipt. Önnur afhending hunds kostar kr. 31.500.- í Ísafjarðarbæ og þriðja afhending kostar kr. 47.250. Fyrsta afhending hunds án leyfis kostar hins vegar kr. 31.500.- í Ísafjarðarbæ.

Á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að gjald fyrir nýskráningu hunda er öllu hærra eða 18.900 kr. og sama upphæð er í árgjald.

Þjónustuauglýsingar



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

KJARNAFÆÐI

1298 kr. kg.

KJARNAFÆÐI **Vínarsnitsel**-frosið

KJARNAFÆÐI

598 kr. 1260g

KJARNAFÆÐI **Kofareykt sveitabjúgu** 1.26 kg.

KJARNAFÆÐI

298 kr. 360g

KJARNAFÆÐI **Pólskar kjötpylsur** 360g

EUROSHOPPER SÚKKULAÐIÐ

100 grömm

98 kr. 100g

359 kr. 125g

Bónus **Lambhagasalat** 125g

359 kr. 125g

Bónus **Lambhagaspínat** 125g

FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR

1579 kr. 900g.

EUROSHOPPER **Kjúklingabringur**/frosnar 900g

198 kr. 237g

BÓNUS **Samlokuskinka** 237g

1098 kr. kg.

Ali **Ferskar grískótilettur m.beini**

598 kr. kg.

Ali Grísabógur *ferskur*

1598 kr. kg.

Bónus **Bacon/beikon**

698 4 x 2 ltr. kippa

PEPSI & PEPSI **MAX** 4 X 2 LTR. **KIPPA**

69 kr. 200stk.

ERUROSHOPPER **Eyrnapinnar** 200 stk.

119 kr. 1 ltr..

BÓNUS Eplasafi 1 ltr.

59 kr. 250ml.

ERUROSHOPPER **Energy drink Orkudrykkur** 250ml.

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 19. apríl**

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •